

Sviðslistadeild

Sviðshöfundabraut

Íslensk spunasena verður til

Haraldurinn og Improv Ísland

Ritgerð til BA-prófs á Sviðshöfundabraut

Hekla Aðalsteinsdóttir

Haustönn 2016

Sviðslistadeild

Sviðshöfundabraut

Íslensk spunasena verður til

Improv Ísland og Haraldurinn

Ritgerð til BA-prófs á Sviðshöfundabraut

Hekla Aðalsteinsdóttir

Kt.: 140789-2409

Leiðbeinandi: Alexander Roberts og Ásgerður G. Gunnarsdóttir

Haustönn 2016

ÚTDRÁTTUR

Í þessari ritgerð leitast höfundur við að varpa ljósi á innreið spunahópsins Improv Ísland í íslenskt leikhúslíf.

Í fyrri hluta verður fjallað almennt um spunaformið Haraldinn, uppruna spunasamfélagsins *Upright Citizens Brigade* í Bandaríkjunum (sem er fyrirmynd hópsins) og hvernig langspunaaðferðin fluttist þaðan til Íslands. Í seinni hluta verða móttökur spunanámskeiðanna hjá Improv Ísland kannaðar og útbreiðsla, viðhorf nemenda til námskeiðanna sem þeir hafa sótt og áhrif sem þeir telja sig hafa orðið fyrir á námskeiðunum. Spunasamfélagið á Íslandi verður skoðað innan frá og fjallað um þann margvíslega persónulega- og faglega ávinning sem hlýst af spunaiðkun.

Einnig verða möguleikarnir sem þessi nýja og óformlega tegund af leikhúsmenntun býður upp á fyrir íslenskt samfélag skoðaðir. Er spunaleikarinn ný tegund af listamanni sem gæti haft uppbyggileg áhrif á landslag grínmenningar á Íslandi?

Ritgerðin byggir að mestu leyti á viðtölum höfundar við aðstandendur Improv Ísland.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Haraldurinn og Upright Citizens Brigade	4
Dóra Jóhannsdóttir - Improv Ísland.....	7
Þróun og framfarir.....	9
Virðing fyrir gríni.....	11
Ávinningur af spunaiðkun	13
Námskeið verður að skóla	19
Improv Ísland í dag og hlutverk í framtíðinni	20
Lokaorð	22

INNGANGUR

Þegar við horfum yfir söguna sjáum við að spuni hefur verið hluti af lífi mannsins frá fornöldum. Sem tjáningarform átti hann sér birtingarmyndir í ritúölum forfeðra okkar, trúarlegum athöfnum og ritum, á meðan leikspuninn sem slíkur hefur verið samofinn sögu leikhúss og bókmennta frá upphafi.¹ Tegundir og áherslur spuna eru mismunandi og spuni er mikilvægur hluti af leiklistarmenntun um allan heim. Fræðimenn hafa rannsakað vægi spunans í leiklistarþjálfun og telja að hann sé mikilvægt tól fyrir nemendur til að finnstilla sig og öðlast betri skilning á umhverfi sínu. Það er almennt talið að leikarar geti lært mikið af því að setja sig í mismunandi hlutverk og prófa sig áfram í óvæntum aðstæðum og er spuni kjörumhverfi fyrir slíkar tilraunir og uppgötvanir.

Spuninn hefur einnig reynst höfundum öflugt verkfæri og hægt er að leiða að lyktum að mörg af þekktustu leikverkum sögunar hafi verið undir áhrifum frá spuna. Fræðimenn halda því fram að grískar heimsbókmenntir á borð við *Ódysseifskviðu* og *The Iliad* hafi að einhverju leyti orðið til í spuna og þegar litið er til *Commedia dell'Arte* hópanna má sjá hvernig þeir studdust við fyrirframákveðna formúlu og spunnu sýningar eftir henni til að úr yrði einföld saga sem innihéldi ákveðnar kringumstæður og erkítýpur. Því er jafnframt haldið fram að sjálfur Shakespeare hafi stundum gripið á lofti óvæntar uppákomur á æfingum og bætt þeim í handritin.² Það er því hægt að segja að spuni og spunatilþrif hafi haft óumdeilanlega átt hlut í því hvernig leikhúsið hefur þróast í gegnum aldirnar.

¹ David Young, *The Curriculum is Me: Reflections on Living and Teaching Dramatically*, University of British Columbia, Vancouver, 1998.

² David Young, *The Curriculum is Me: Reflections on Living and Teaching Dramatically*

Spuni getur aukið vitsmunalega getu og virkjað sköpunargleði þess sem hann stundar ef marka má orð David Young.

Þú þjálfast í gagnrýnni hugsun og styrkir innsæið. [Spuni] hjálpar manni að vera, skoða og hlusta og maður kynnist ótalmörgum hlutverkum og kringumstæðum. Þar að auki er spuni öflugur vettvangur fyrir fólk til að öðlast sjálfstæða rödd og hæfni til að greina frá. Spuni er samfélagsleg athöfn, skapandi ferli sem beinlínis þvingar fólk til að lifa í augnablikinu, taka áhættur og ákvarðanir og æfa sig í skynjun á sjálfum sér og öðrum.³

Í dag er spuni einnig vinsælt hópeflistól hjá fyrirtækjum um allan heim og sífellt fleiri tileinka sér reglur spunans á vinnustað í von um að ná betri árangri í samskiptum. Flestar æfingar er raunar hægt að nota í öðrum tilgangi, til dæmis í skólastarfi til að þjálfra málnotkun (spuni á öðru tungumáli er til dæmis skemmtileg tilbreyting í tungumálakennslu), takast á við málefni eins og einelti og rasisma, setja sig í spor annarra o.s.frv.⁴

Þekki maður spuna aðeins sem áhorfandi getur verið erfitt að sjá fyrir sér hvaða reglur gilda og hvernig leikhópnum tekst að gefa ímyndnaraflinu lausan tauminn á sama tíma og hann vinnur eftir ákveðnu regluferli.

Reglur spunans eru best skilgreindar af guðföður spunans sjálfum, Del Close, sem samdi spunaboðorðin ellefu og eru þau svohljóðandi;

1. Þið eruð öll aukaleikarar
2. Vertu tilbúin að grípa hugmyndir sem gætu vaknað
3. Aldrei ganga inn í senu nema hún þurfi á þér að halda
4. Bjargaðu mótleikaranum þínum í stað þess að hafa áhyggjur af senunni
5. Þú berð fyrst og fremst ábyrgð á því að styðja við aðra
6. Vertu eins einbeittur og þú getur verið allan tímann
7. Aldrei vanmeta áhorfendur

³ David Young, *The Curriculum is Me: Reflections on Living and Teaching Dramatically*

⁴ Veftré, Þjóðleikhúsið, sótt 26. febrúar 2016 á <http://www.leikhusid.is/bak-vid-tjoldin/thjodleikur/leiklistaraefingar/um-spuna>.

8. Ekki segja brandara
9. Treystu mótleikurum þínum til að styðja þig og treystu sjálfum þér
10. Forðastu að leggja dóm á það sem er í gangi en vertu vakandi fyrir því að þú gætir þurft að stökkva inn og bæta við kringumstæðuna
11. HLUSTAÐU.⁵

Aðrar almennar reglur snerta siðferðislegar væntingar en mælt er með því að hópurinn geri með sér samkomulag um að ekki verði stungið upp á neinu sem geti ofboðið siðferðskennnd fólks, einhverju niðurlægjandi eða óþægilegu.⁶

Til að varpa ljósi á hið nýrisna spunasamfélag á Íslandi verður ekki hjá því komist að skoða sögu Improv Ísland með hliðsjón af uppruna spunasamfélagsins *Upright Citizens Brigade*, sem Improv Ísland byggir fyrirmynd sína á. Tilraun verður gerð til að svara spurningum um hvað gerði það að verkum að spunasenan á Íslandi stækkaði jafn ört og raun ber vitni og hvað það er sem heldur spunaleikurunum iðnum og áhugasömum. Jákvæðar afleiðingar spuniðkunar verða einnig skoðaðar frá sjónarhorni meðlima Improv Ísland. Að lokum verður staða spunaleikarans á Íslandi skoðuð með tilliti til sviðslista- og menningarlandslagsins í dag og leitast við að svara spurningum um menningarlegt gildi útbreiðslu spunans hér á landi.

Ekki er hægt að skilgreina spuna sem eitt ákveðið hugtak eða form í leiklistarsögunni og því verður hugtakið þrengt niður í grínspuna og sérstaklega *Haraldinn* í þessari ritgerð.

⁵ Ayun Halliday. „*The Do's and Don'ts of Improv Comedy with Liam Neeson, Ricky Gervais, Tina Fey, and Del Close*“, Open Culture, 29. júní 2013, sett 24. febrúar 2016 á http://www.openculture.com/2013/06/the_dos_and_donts_of_improv_comedy.html.

⁶ Veftré, Þjóðleikhúsið

HARALDURINN OG UPRIGHT CITIZENS BRIGADE

Haraldurinn er langspunaaðferð, það spunaform sem Improv Ísland sérhæfir sig í. Haraldurinn heitir ekki í höfuðið á neinum þó svo mætti halda, en það var félagi Del Close sem lagði nafnið til í háði.⁷

Spuni af þessu tagi byggir að miklu leyti á svokallaðri „Já og“-filósófiu, þar sem leikarinn þarf skilyrðislaust að samþykkja aðstæðurnar sem mótleikarinn hefur búið til og bæta einhverju við það sem er að gerast svo úr verði áhugaverð sena. Því skýrari kringumstæðu sem spunaleikaranum tekst að skapar þegar hann fer fyrstur út á gólf, því auðveldara er fyrir mótleikarann að setja sig inn í hana og byggja ofan á.⁸

Haraldurinn er vinsæll í Bandaríkjunum og sérstaklega í New York. Del Close flutti aðferðina frá Chicago til New York og kenndi grínistum á borð við John Belushi og Bill Murray. Hann hafði verið að kenna Haraldinn í *Upright Citizens Brigade* þegar hann lést árið 1999. Hópurinn sem þar varð eftir tók við af honum og hóf að kenna grínistum í New York Haraldinn. Þau stofnuðu fyrsta leikhúsið í Chelsea, New York árið 1999 og tókst að gera langspunann vinsælan í New York⁹. Í dag eru starfrækt fjögur spunaleikhús á vegum UCB í Bandaríkjunum, tvö í New York og tvö í Los Angeles.

Del Close var hugsjónamaður þegar kom að spuna og barðist fyrir því að spuni yrði viðurkenndur ekki aðeins sem vinnuaðferð heldur sem listform sem ætti að bera virðingu fyrir.¹⁰

⁷ Jesse Mckinley, „*Masters of Improv Are Stumped; Losing a Permanent Theater Is No Joke for a Comedy Troupe*“, The New York Times, 2003.

⁸ Earl Vickers, *‘Yes, and’: Acceptance, Resistance, and Change in Improv, Aikido, and Psychotherapy*, Figshare, 2015.

⁹ Jesse Mckinley, *Masters of Improv Are Stumped; Losing a Permanent Theater Is No Joke for a Comedy Troupe*

¹⁰ Jason Zinoman, „*Get the Laughs, but Follow the Rules*“, The New York Times 2014, sótt 26. feb, 2016 á http://www.nytimes.com/2014/02/23/arts/upright-citizens-brigade-writes-its-book-on-improv.html?_r=1.

Í bókinni *The Upright Citizens Brigade Comedy Improvisation Manual* kemur fram að það sé algengur misskilningur að spuni sé töfrum sveipaður eða letilegt listform. Góðir spunaleikarar séu að vinna mikið allan tímann, fylgja ströngum reglum og að öll langspunaform séu hlaðin reglum og strúktúr sem setja hömlur á leikarann. Þar stendur einnig að munurinn á spuna og rituðu gríni sé ekki eins mikill og fólk gerir sér í hugarlund.¹¹

Það eru ákveðin og mikilvæg atriði sem þurfa að vera til staðar til að Haraldurinn gangi upp. Þegar tveir leikarar eru komnir út á gólf þurfa þeir í sameiningu að finna upp grunnkringumstæðuna í senunni. Eftir að hafa skipst á nokkrum orðum sem útskýra hvaða fólk þau eru, hvar þau eru stödd og hvað þau eru að gera þurfa leikararnir að vinna saman að því að finna eitthvað óvenjulegt eða skrýtið til að setja inn í aðstæðurnar. Þegar leikararnir hafa sammælst án orða um hver þessi óvenjulegi hlutur sé geta þeir spunnið meira út frá því. Þetta óvenjulega er á ensku kallað game og þar sem það hefur ekki verið þýtt yfir á íslensku í þessu samhengi mun höfundur framvegis nota orðskrípið „geim“ því til útskýringar í þessari ritgerð. „Geimið“ er það sem heldur senunni uppi og uppgötvast vanalega þegar annar aðilinn segir eða gerir eitthvað óvenjulegt og mótleikarinn, sem verður sjálfkrafa að fulltrúa hins skynsama borgara í senunni og bregst við því á þann hátt sem byggir undir tilboð mótleikarans.

Þessu til einföldunar kemur hér dæmi: Hjón eru stödd í búð og konan er að skoða epli og grætur. Maðurinn spyr þá hvers vegna konan sé að gráta, en hún segist aldrei geta skoðað epli án þess að fara að gráta. Maðurinn er undrandi yfir þessari hegðun og spyr hana af hverju. Í ljós kemur að hún er að syrgja dauða Mjallhvítar prinsessu. Þá er komið geim til að vinna með; eitthvað skrýtið og óvenjulegt sem enginn ætti fyrirfram að búast við. Þetta geim býður upp á ýmsa möguleika og getur farið í margar áttir.

Undir slíkum aðstæðum væri t.d. mögulegt að spinna fleiri sketsa um konuna sem bregst harkalega við dauðdaga annarra skáldpersóna. Nýr leikari getur stigið inn í aðstæðurnar og breytt geiminu með því að snúa því aðstæðunum við og ganga til liðs

¹¹ Jason Zinoman, „*Get the Laughs, but Follow the Rules*“

með konunni sem er öðruvísi. Þá er fulltrúi fólksins orðinn sá skrýtni í aðstæðunni og grínið farið að snúast um að maðurinn sé fastur í undarlegum heimi þar sem allir taka dauðdaga skáldsagnapersóna nærri sér líkt og um raunverulega manneskju væri að ræða - sem er ekki síður fyndið og óvænt fyrir áhorfendur.

Þetta er það helsta sem vita þarf um grunnreglur spunans til að skilja út á hvað hann gengur. Reglurnar sem láta senuna ganga upp sem efni í heila sýningu eru síðan mun fleiri og flóknari. Spunaleikari þarf því að vera mjög æfður og á tánum til að geta tekið þátt í að halda uppi heilli sýningu. Margir af helstu grínistum og handritshöfundum bandaríkjanna eru með margra ára grunn í spuna og Haraldinum hjá *UCB*.

DÓRA JÓHANNSDÓTTIR - IMPROV ÍSLAND

Dóra Jóhannsdóttir leikkona er forsprakki Improv Ísland og sannkölluð guðmóðir spunasenunnar á Íslandi. Fyrir u.þ.b. þremur árum var hún nýflutt til New York. Hún hafði farið þangað til að fylgja manni sínum í mastersnám og var að leita að einhverju til að bæta við sig þegar hún heyrði fyrst af *Upright Citizens Brigade* í gegnum vin sinn. Hún fletti því upp á netinu og komst að því að þetta væri einhver tegund af spuna en var ekki sérstaklega spennt fyrir því. Á síðunni kom fram að boðið væri upp á byrjendanámskeið en þar sem Dóra var með BA-gráðu í leiklist og hafði verið starfandi leikkona til sjö ára fannst henni tilhugsunin um að skrá sig á byrjendanámskeið í spuna vera skrytinn og sér lítt samboðin. Það var ekki fyrr en hún fór á spunasýningu sem hún áttaði sig á því að þetta væri ólíkt öllu sem hún hafði nokkurn tímann lært og ákvað að slá til. Sjálf segir hún orðrétt „Ég hafði aldrei séð annað eins. Ég skildi ekki hvað þau voru að gera, fattaði ekkert hvað var í gangi og fannst þetta geðveikt“¹²

Hún áttaði sig fljótlega á því eftir að hún hóf á námskeiðið að hún hefði ekki haft hugmynd um hvað þetta snérist og gerði sér þá fyrst grein fyrir því að hún kynni ekkert í þessu listformi. „Á fyrsta námskeiðið kom fólk úr öllum áttum; fyrirsæta, smiður, kona úr höfundateymi 30 Rock og frægur grínisti frá Ástralíu. Þetta fólk var á öllum stigum samfélagsins - fólk sem naut mikillar velgengni sem atvinnumenn í gríni og fólk sem hafði aldrei leikið eða staðið á sviði. Eftir sem áður stóðu allir jafnfætis og sátu við sama borð.“¹³

Eitt af því sem Dóru þótti heillandi við listformið var að iðkun þess krafðist þess ekki að maður væri með bakrunn í leiklist eða framkomu. Byrjendurnir komu úr öllum áttum og höfðu mismikla reynslu af því að koma fram, en þó voru allir jafnvígir á sviðinu. „Ef þú ætlar að læra og gera þetta þá þarftu ekki að vera með neitt. Mér finnst það mjög athyglisvert vegna þess að það á kannski ekki við mörg svoleiðis form“¹⁴.

¹² Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

¹³ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

¹⁴ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

Inn í það spilaði svo áhugi Dóru á frumsköpun, samvinnu og gríni. Spunaformið fannst henni sameina alla þessa eiginleika og það varð til þess að hún heillaðist upp úr skónum.

Eftir að hafa lokið byrjendanámskeiðinu hjá *UCB* sannfærðist hún enn frekar um eigin áhuga, fannst þetta ögrandi og aðferðin gott tæki til sköpunar; eftir annað námskeiðið kom henni fyrst til hugar að ef til vill gæti hún kennt þetta sjálf. Hún kom heim um sumarið eftir að hafa lært spuna í þrjá mánuði og vinir hennar hvöttu hana til þess að vera með stutta vinnustofu þar sem hún gæti kynnt aðferðina hér heima. Hún lét til leiðast og eftir það fann hún að áhuginn var mikill. Þá tók hún ákvörðun um að fjárfesta í hugmyndafræðinni af fullri alvöru og kom heim til Íslands reglulega til að ken-
na spuna.

ÞRÓUN OG FRAMFARIR

Það var aldrei meðvituð ákvörðun hjá Dóru að flytja Haraldinn til Íslands. Hún var fyrst og fremst að nýta tímann á meðan hún var úti til að bæta við sig þekkingu. Þegar hún hóf fyrst að kenna leyfði hún sér stöku sinnum að dreyma um að einhvern tímann gæti orðið til sena í kringum þetta hér á landi en var meðvituð um að það væri mörgum skilyrðum háð. Miðað við það sem hún hafði kynnst hjá *UCB* reiknaðist henni til að það gæti tekið u.þ.b. sjö ár, ef nógu margir áhugasamir spunanemar yrðu duglegir að æfa sig, að koma upp sýningarhæfum spunahópi. Hún batt því aldrei miklar vonir við að svo gæti farið en naut þess að kenna listformið þegar hún var á Íslandi. Henni varð þó ljóst þegar hún kom svo aftur heim eftir að hafa haldið áfram spunanáminu í eitt og hálf ár ytra að biðin yrði ekki endilega eins löng og hún hafði gert ráð fyrir. Á Íslandi var fjöldi fólks sem sótt hafði námskeiðin búið að vera að æfa sig í fjarveru hennar og stofna sjálfstæða æfingahópa. „Mér fannst ótrúlegt hvað þau voru að ná miklum framförum á stuttum tíma. Það var tvöfalt meiri árangur en fólk hafði verið að ná úti á jafn löngum tíma.“¹⁵

Þá varð henni ljóst að það væri hægt að koma senunni á fót á styttri tíma og ákvað að spýta í lófana. Henni reiknaðist til að ef allt gengi upp gætu þau sýnt reglulegar sýningar með nógu mörgum leikurum eftir ár og öðlaðist fulla trú á hugmyndinni. Hún hlaut listamannalaun í þrjá mánuði til að geta kennt áfram, og gat því veitt fólkinu sem hafði verið hvað lengst á námskeiðunum ókeypis þjálfun. Margir fengu þannig tækifæri til þess að stunda námskeiðin af krafti. Að sögn Dóru er langspuni með nýjustu listformunum og tekur hann langan tíma að flytjast á milli landa; bæði vegna þess að það tekur tíma að öðlast færni og frumkvöðullinn þarf að læra þetta mjög vel, og flestir á öðru tungumáli en þeirra eigin. Hún segir að það sé mjög krefjandi og ekki síður en þjálfunin sjálf. „Þetta er ekki nokkuð sem þú getur gert eftir einn fyrirlestur. Ég veit að þetta er að gerast í öðrum löndum

¹⁵ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

Nýlega fékk Dóra til landsins tvo gestakennara frá Bandaríkjunum sem voru agndofa yfir því hversu fær hópur spunaleikara hafði orðið til á Íslandi á svo stuttum tíma. Þeim þótti það ótrúlegt fyrir þær sakir að sumt virkilega sniðugt fólk æfir sig í þessu í tíu ár án þess að ná miklum framförum.

Hvernig má það vera að fullnuma spunakennurum sem sækja kennslureynslu til ýmissa landa finnist sem íslendingum takist svona ævintýralega mikið betur að læra spuna en öðrum? Hugsanlega getur verið að á Íslandi hafi verið mikil vöntun á vettvangi fyrir ákveðna tegund af skapandi einstaklingum þar sem þeir fengju að njóta sín og þróa hæfileika sína áfram. Margir af okkar bestu grínistum og performerum eiga til dæmis ekki endilega heima á hefðbundnu leiksviði. Grínistar á borð við Ladda, Steinda Jr., Pétur Jóhann Sigfússon og Sigurjón Kjartansson hafa ekki passað inn í neitt vel skilgreint rými þar sem þeir geta verið í þjálfun og þróað sig áfram í sínu fagi að sögn Dóru. „Ég held að það hafi verið autt svæði sem þurfti að fylla til að gefa þessu fólki tækifæri til að þróast sem listamenn. Það eru listamenn sem lifa og þrífast í þessu listformi - gríni og fræðinni á bakvið það“.¹⁶ Það er því borðliggjandi að grundvöllurinn fyrir samfélag af þessu tagi hafi verið til staðar og skorturinn verið meiri eftir því sem við eignuðumst fleiri frambærilega grínista.

Bjarni Snæbjörnsson leikari sem hefur stundað spunann af miklum mót á undanförunum misserum nefnir líka að það sé hægt að ganga að því vísu að flestir íslendingar séu með sama menningarlega bakrunninn. Það sé vegna þess að við höfum öll horft á sömu barnaþættina, þekkjum sömu stjórnámálamennina og svo framvegis þannig að líkurnar á að áhorfendur skilji efnið sem grínast er með eru yfirgnæfandi meiri hér á landi á meðan það sé talsvert meiri áskorun fólgin í því að spinna grín sem allir tengja við í menningarborgum á borð við New York. Það að allir í hópnun séu með samkonar bakrunn hjálpi þeim líka að vera frjó og treysta á að mótleikarinn muni skilja tilvísanir þínar.¹⁷

¹⁶ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

¹⁷ Bjarni Snæbjörnsson, munnleg heimild, 10. febrúar 2016

VIRÐING FYRIR GRÍNI

Grín er fag og það eru fræði á bakvið það. Það er hægt að gera grín vel og það er hægt að gera það illa. Ég er búin að átta mig á því eftir að hafa verið í bandaríkjunum svona lengi hvað það er mikil pæling, gæði og fræði á bakvið grín þar og mikil virðing borin fyrir því. Þegar ég kem hingað heim upplifi ég að það sé engin virðing borin fyrir gríni.¹⁸

Undanfarin ár hefur borið á mikilli grósku í gríni á Íslandi og ör vöxtur átt sér stað í þeirri senu. Það hefur til dæmis aldrei verið jafn mikið uppistand og mikil sena í kringum það og nú. „Framan af voru gamanmál á sviði hér á landi tengd söngleikjum í revíum og eftirhermum og því að menn voru að fara í ákveðin hlutverk [...] en um 1992 eða 1993 stóð Steinn Ármann Magnússon fyrir uppstandskvöldum þar sem menn gátu farið á svið að segja brandara“¹⁹. Samkvæmt blaðamanninum og uppistandanum York Underwood, sem fylgst hefur með uppistandssenunni á Íslandi undanfarið ár, er með ólíkindum hversu hratt hún hefur vaxið á stuttum tíma.²⁰ Ari Eldjárn segir í sama viðtali að aldrei hafi verið betra að vera grínisti á Íslandi, en hann er einn þeirra sem sótt hafa spunanámskeið hjá Improv Ísland.

Dóru þykir lenskan með grín á Íslandi snúast um að finna einhvern sem er fyndinn og fá hann til að skrifa eitthvað, í stað þess að hugsa um grín sem fag og skoða fræðin á bakvið það. Hún hefur hinsvegar trú á því að það sé að fara að breytast og telur að það sé mikil framtíð í því að lyfta því upp á hærra plan en hingað til hefur tíðkast. Hún nefnir Hugleik Dagsson og Jón Gnarr sem dæmi um grínista sem nota grín sem samfélagsspegil og segir að það sé mjög mikilvægt fyrir hvert samfélag að hafa slíkt fólk. „Núna er ástríðan mín bara að gera vandað grín á öllum vígstöðvum og stuðla að því að þetta verði listform sem borin verði virðing fyrir, en ekki bara eitthvað verkefni fyrir trúða“.²¹

¹⁸ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

¹⁹ Kastljós, „Aldrei verið betra að vera grínisti á Íslandi“. Myndband, 24:09, sótt 26. febrúar 2016 á <http://www.ruv.is/frett/aldrei-verid-betra-ad-vera-grinisti-a-islandi>

²⁰ Kastljós, „Aldrei verið betra að vera grínisti á Íslandi“

²¹ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

Hún segir að handritshöfundar geti nýtt kerfið markvisst í skrifum sínum til að gera þau betri og vandaðri. Mikil hefð er fyrir því í Bandaríkjunum að grípnennar séu í spunapjálfun í mörg ár áður en þeir komast í höfundateymi í gamanþáttum og nokkrir starfandi handritshöfundar á Íslandi hafa nú þegar sótt námskeið hjá Dóru. Hún stefnir á að bæta námskeiði í sketsaskrifum við kennsluskrána á næstu misserum.

Úti er þetta stiginn sem þú ferð. Þú ert í spuna mjög lengi og samtímis að skrifa og ferð svo í sketsaskrif út frá því. Það er svo gaman að sjá hvernig hægt er að nýta þetta í að glæða skrif meiri gæðum - gera allt myndnara og setja fókus á það sem er mögulega fyndið, því eins og það var ótrúlega margt gott grín í gangi á Íslandi var ótrúlega gaman að gefa fleira fólki tól til að verða skapandi. Gefa þeim sameiginlegt tungumál og reglur og fylgjast með því hvernig þau styrktust og urðu alltaf betri og betri. Framfarirnar voru ótrúlegar.²²

²² Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

ÁVINNINGUR AF SPUNAIDKUN

Spuni er eitt skemmtilegasta tæki til sköpunar sem til er. Í spuna er takmarkið að losa um allar hömlur, gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og nálgast hvert verkefni án eigingirni og án fordóma. Til þess að spuni heppnist er samvinna algert lykilatriði.²³ Spuni getur því gert öllum gott og er ekki aðeins gagnlegur þeim sem vilja standa á sviði.

Á allra fyrsta námskeiðinu sem Dóra hélt voru aðeins leikaramenntaðir einstaklingar. Hún reyndi að segja við aðra að spuni væri alls ekki eingöngu fyrir leikara og að allir áhugasamir væru velkomnir en henni reyndist erfitt að sannfæra fólk sem ekki hafði menntun á leiklistasviði til að trúa því „að [hver sem er] gæti farið á spunanámskeið með einstaklingi sem sýndi reglulega á stóra sviði Þjóðleikhússins. „Það tók að minnsta kosti ár að síast inn [hjá fólki]. Það var ekki fyrr en við fórum að tala um það markvist, vítt og breytt í viðtölum [...] að það væri t.d. verkfræðingur og sundlau-garvörður hjá okkur á námskeiðum [sem fólk fór að trúa því].“²⁴

Dóra segir að nú séu leikarar í minnihluta þeirra sem skrá sig.

Á kennslumati sem hún leggur fyrir nemendur sína í lok hvers námskeiðs sér hún svart á hvítu hvernig þjálfunin hefur hjálpað fólki. Þar kemur fram hvernig nemendur hafa notað það sem þau lærðu í spunanum í lífinu. Persónulegur ávinningur er mismunandi eftir fólki en leikarar hafa verið sérstaklega ánægðir með hvernig spuninn hjálpar þeim í starfi.

Það er eins og það hafi vantað eitthvað á borð við endurmenntun fyrir leikhússfólk, þar sem lítið er í boði af slíku. Núna er ég til dæmis ekki búin að vera að leika mikið síðustu fjögur árin en mér finnst ég samt aldrei hafa verið í betra formi sem leikkona. Það er vegna þess að ég er búin að vera að gera þetta á hverjum degi.²⁵

²³ Veftré, Þjóðleikhúsið, „*Um Spuna*“

²⁴ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

²⁵ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

Bjarni Snæbjörnsson er einn þeirra leikara sem féll fyrir forminu eftir að hafa farið á námskeið hjá Dóru. Eitt leiddi af öðru og í dag situr hann í stjórn Improv Ísland og sýnir með hópnum í Þjóðleikhússkjallaranum. Hann kveðst hafa sett þá pressu á sig í upphafi námskeiðsins að honum ætti að ganga vel í ljósi þess að hann var fagmenntaður leikari, en það kom á daginn að menntunin hafði lítið að segja í spuna. Hann upplifir að spunaiðkunin hafi stækkað sig, ekki bara sem listamann heldur sem manneskju og upplifir að í þessu samfélagi hafi hann fundið eitthvað sem vantaði í hann.²⁶Leikhúsið er listform núsins. Við sem erum á sviði erum þar í núinu en hjá mér hefur eitthvað breyst. Í dag er ég óttalausari og öruggari með sjálfan mig. Þetta snýst um svo miklu meira en bara húmor. Mér finnst ég ekki lengur þurfa að vera fullkominn í öllu sem ég er að gera og ég á auðveldara með að treysta á að það flæði sem ég er í þá stundina muni framleiða eitthvað gott, í stað þess að stressa mig, vera með fyrirframgefnar hugmyndir og væntingar og bíða eftir að eitthvað fari úrskeiðis. Ég gerði mér ekki einu sinni grein fyrir því að ég væri þannig. Það var ekki fyrr en eftir á að ég fattaði hvað þetta væri heftandi hugarfar. [Í spuna] verður maður að sleppa. Maður þarf að geta staðið á móti manneskjunni, horfst í augu við hana án þess að vita nokkuð og treyst því að þetta verði frábært hjá okkur sama hvað.²⁷

Hann kennir nú spunaáfangu í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ sem hann hafði ekki treyst sér til að kenna fyrr en nú. Hann segist loksins vera tilbúinn til þess og kennir nemendum sínum aðferðir í spuna sem gott er að geta gripið í ef þau eru óörugg á sviði. Þannig læra þau hvernig þau taka stjórn í aðstæðum sem þau hafa ekki mikla stjórn á. En fyrir utan hinn augljósa kost að eiga auðveldara með að kenna spunaáfangu í leiklistarnámi finnst honum hann almennt vera betri kennari en áður að því leyti að hann á auðveldara með að hlusta á nemendur og eiga í farsælum samskiptum við þá. Hann undirstrikar að spuni sé árangursrík leið til að þjálfa virka hlustun, eiginleika sem kemur sér sérstaklega vel í kennslu af öllu tagi.

²⁶ Bjarni Snæbjörnsson, munnleg heimild, 10. febrúar 2016

²⁷ Bjarni Snæbjörnsson, munnleg heimild, 10. febrúar 2016

Hann áréttar einnig að námskeiðin og spunaiðkunin hafi ekki aðeins hjálpað honum faglega heldur einnig auðgað líf hans á margvíslegan þátt. Hann hafi almennt meira gaman af lífinu og það sé að miklu leyti spunasamfélaginu sjálfu að þakka þar sem hann fær að umgangast skemmtilegt fólk á hverjum degi. „Þetta er nýi vinahópurinn minn og það er mikill kærleikur í loftinu þarna. Allir eru sannir, allir fá að vera þeir sjálfir og allir eru ógeðslega fyndnir. Maður fær að vera eins og maður er.“²⁸

Bjarni sækir líka fleiri námskeið, markþjálfunar- og núvitundarnámskeið, og segir hugmyndafræði spunans falla vel að báðum hugtökum. Í markþjálfun, rétt eins og í spuna, er mikilvægt að þú tileinkir þér að líta á náungann sem heila, skapandi og úr-ræðagóða veru. Þetta er allt mjög náskýlt. Það sem fylgir þessu líka er hugarró og hæfileikinn til að loka heiminn út, sem er auðvelt að gera þegar maður byrjar að hlusta. Þetta kennir manni að setja einbeitinguna sína á einn stað. Hlustunin er nóg, að róa hugann og ná að hugsa um einn hlut í einu.

Handboltakappinn Ólafur Stefánsson heyrði af Improv Ísland í gegnum vin fyrir tveimur árum og fannst hugtakið spennandi. Sjálfur hafði hann verið að rannsaka hlutverk texta í okkar daglega lífi og velta því fyrir sér hvernig hvernig skortur á tengingu við orðaforða og aðstæður getur valdið því að maðurinn á erfitt með að tjá sig frjálst.

Þetta er svipað og með bókmenntir - þær koma okkur út úr tvíhyggjunni sem er afleiðing þess að vera með lítinn orðaforða. Þá skiptist fólk í fylkingar, með eða á móti og tapar öllum blæbrigðum. Spuni er hið fullkomna tækifæri til þess að æfa sig á þessum aðstæðum og upplifa innan ákveðins rýmis þar sem leyfilegt er að gera mistök. Þannig fer það inn í karakterinn og opnar hann. Losar mann við ótta og virkar hálfpartinn sem múrbrjótur á draslið sem við höfum hlaðið á okkur árum saman.²⁹

Ólafur tekur dönskukennslu sem dæmi um að hefðbundnar kennsluaðferðir séu mun óskilvirkari en spuni. Maðurinn er alltaf að læra ný orð en það tekur oft langan tíma að melta þau og koma þeim inn í orðaforðann. Flest dönskukennsla er utanbókar-

²⁸ Bjarni Snæbjörnsson, munnleg heimild, 10. febrúar 2016

²⁹ Ólafur Stefánsson, munnleg heimild, 11. febrúar 2016

lærdómur á orðum af blaði sem fólk stundar samviskusamlega á meðan það þarf þess. Síðan fer það til Danmerkur og ætlar að nota eitthvað af þessum orðum en nær varla að rifja þau upp. Ef danska væri kennd í gegnum spuna, nemendur hefðu alla tíð verið þjálfaðir í að tala saman á dönsku og æfa sig í því að spinna senur á dönsku, værum við eflaust öll fær um að bjarga okkur á dönsku.

Ólafur tengir spunann líka beint við núvitund og segir að hann hjálpi mikið til við að búa til rými milli áreitiss og andsvars, rými þar sem maður er meðvitaður, með góðan fókus og getur brugðist hárrétt við án þess að vera útreiknaður í sífellu. Því oftast sem við náum að búa til þetta bil á hverju einasta augnabliki, því yfirvegaðri séum við.

Þetta er æfing í að vera í ákveðnu hugarástandi og hafa það góð tök á tækni að þú getir tekist á við hvað sem gerist og sért alltaf tilbúinn. Ef þú hlustar, ert opinn og ætlar ekki að fara að rífast, segir bara já við því sem er að fara að gerast og lífinu almennt, þá ferðu áfram. En ef þú ætlar alltaf að vera viðbúinn öllu og alltaf að vera með eitthvað plan þá virkar ekkert.

Adolf Smári Unnarsson hafði haft kynni af spuna í gegnum framhaldsskólakeppnina Leiktu Betur sem hann tók þátt í en varð forvitinn um Improv Ísland eftir að hafa lesið blaðaviðtal við Dóru. Á fyrsta námskeiðinu fannst honum ógnandi að standa andspænis mörgum af leikurunum sem hann hafði haldið upp á síðan í æsku og ætla að fara að spinna með þeim en minnimáttarkenndin var fljót að hverfa á braut. Adolf kolféll fyrir spunaforminu og þetta sumar sem hann fór á námskeiðið í fyrsta skipti endaði með því að skráði sig á öll hin námskeiðin sem voru í boði, sem varð þess valdandi að hann fór alls þrisvar á byrjendanámskeið. Hann segir spunann hafa kennt sér mikið um samskipti og sér í lagi að hlusta á manneskjuna sem hann á í samskiptum við. Honum þykir sérstaklega heillandi að hægt sé að búa til senur og húmor með því að fylgja stærðfræðiformúlum. Hann rifjar upp atvik þar sem lítil stelpa var að horfa á sýningu með hópnum á menningarnótt og afhjúpaði óvænt aðferð hópsins með því að kalla skyndilega yfir áhorfendaskarann að þau gerðu allt þrisvar. „Þarna vorum við alveg afhjúpuð og það af litlu barni. Þetta var eins og í nýjum fötum keisarans. Eiginlega enginn í salnum skildi hvernig við vorum að gera þetta, en litla barnið hinsvegar [...]“³⁰ Hann segir að það sé erfitt fyrir áhorfandann að koma auga á hvað er að

³⁰ Adolf Smári Unnarsson, munnleg heimild, 11. febrúar 2016

gerast og að líklega búist fæstir sem ekki þekkja til spuna við því að hann sé svo bara stærðfræði eftir allt saman. Adolf samsinnir kenningum Ólafs sem snerta gildi spunans fyrir kyrrð hugans en lítur sjálfur á félagsskapinn lykilatriði. Honum finnst Improv Ísland fyrst og fremst vera staður til að koma saman og hlæja, upplifa einlæga gleði og jákvæð samskipti og vera í góðu samtali við fyndið og skapandi fólk.³¹ Bjarni Snæbjörnsson er sama sinnis. „Þetta er eiginlega bara eins og dóp. Ég vil hvergi annarsstaðar vera.“³²

Að mæla árangur og ávinning af námskeiðum í spuna er afar huglægur mælikvarði. Dóra hefur að námskeiðum loknum fengið nemendur sjálfa til að meta eigin árangur og lagt fyrir þá sjálfsmat. Í sjálfsmati nemenda getur hún greint nokkuð vel hvernig námskeiðin hafa hjálpað fólki að þeirra eigin mati og hvernig flestir sjá fyrir sér að getað notfært sér spunanámskeiðin í þeirra. Hún segir að nemendur séu einnig duglegir að koma til hennar og ræða árangurinn við hana persónulega svo námsmatið sé því að hluta til símat sem fari fram á meðan námskeiðum stendur og jafnvel eftir að þeim lýkur. Ávinningur af spunaiðkun er margvíslegur og mikið hefur verið skrifað um hvernig spunareglur geta nýst fólki á vinnustað. Í mörgum stórfyrirtækjum í bandaríkjunum er spuni notaður markvisst til að þjálfa starfsfólk í samskiptum og samstarfi.

Tina Fey tileinkaði heilan kafla í bókinni sinni Bossypants lofsemdum á fyrirbærinu og lagði þar fyrir fjórar spunareglur sem virka frábærlega á vinnustað og eru þær svohljóðandi;

1. Vertu jákvæður gagnvart annarra manna hugmyndum og segðu já. Í spuna þýðir þetta að þú verður að samþykkja tilboð mótleikara þíns og mátt ekki grafa undan því. Í atvinnulífi má túlka sömu reglu þannig að þú ættir alltaf að taka á móti hugmyndum vinnufélaga þinna með opnum hug.

³¹ Adolf Smári Unnarsson, munnleg heimild, 11. febrúar 2016

³² Bjarni Snæbjörnsson, munnleg heimild, 10. febrúar 2016

2. Segðu ekki bara „já“ heldur „já, og..“. Í spunasenu ættir þú að byggja ofan á það sem er þegar til staðar og á vinnustaðnum gildir sama regla. Legðu þitt af mörkum.

3. Segðu eitthvað - ekki spyrja bara spurninga. Í spuna þarft þú að vera á staðnum til að hjálpa, ekki fela mótleikara þínum alla ákvarðanatöku og láta hann um að svara öllum spurningum. Það felst ákveðið vald og sjálfsöryggi í því að leggja eitthvað til málanna og verða partur af lausinni. Þeir sem spyrja bara spurninga eru sjaldnast partur af lausinni.

4. Það eru engin mistök, bara tækifæri. Það er ein af meginreglum spunans - öll slys eru velkomin. Allir sem eru að gera eitthvað sem skiptir máli gera mistök. Viðhorf þitt á vinnustað má vera það sama. Það ganga ekki allar áætlanir eftir eins og maður hefði ímyndað sér en best er að taka mistökin ekki nærri sér og reyna að nýta þau til góðs.³³

Improv Ísland fær fjölda fyrirspurna um hópefli og námskeið af þessu tagi en þau hafa hvorki mannskap né tíma í að sinna öllum þeim verkefnum sem koma inn á borð til þeirra. Dóra íhugar þó að bæta því við í framtíðinni þegar spunasamfélagið hefur stækkað nægilega mikið til að hægt sé að færa út í kvíarnar á þennan hátt.

³³ Angie Chang. "Tina Fey's Rules For Improv... And Your Career." Women 20, 8. janúar 2012, sótt 27. febrúar 2016 á <http://women2.com/2012/01/08/tina-feys-rules-for-improv-and-your-career/>.

NÁMSKEIÐ VERÐUR AÐ SKÓLA

Til að byrja með var Dóra eina manneskjan sem kenndi námskeiðin og átti ekki von á að þurfa að ráða aðra kennara eins fljótt og raun bar vitni. Í dag eru að jafnaði sex til átta kennarar starfandi við Improv Ísland. Til að byrja með tók hún ákvörðun um að gefa fólki sem hafði verið í spunahópnum tækifæri til að spreyta sig á kennslunni á ungmennanámskeiði sem staðið var fyrir. Það þótti ganga vel og í kjölfarið fóru þau að skiptast á að þjálfa opnar æfingar og sjálfstæða hópa. Dóra fékk jákvæð viðbrögð frá hópunum sem höfðu sótt námskeið hjá nýju spunakennurunum og voru sumir þeirra tilbúnir til að taka að sér áframhaldandi kennslu á námskeiðum.

Þetta má ekki verða einsleitt. Ég er búin að læra úti hjá nálægt 30 kennurum. Maður er alltaf að heyra sömu hlutina en maður tengir kannski ekki við það fyrir ein einhver annar segir það. Þess vegna vildi ég að nýir nemendurnir myndu fá fleiri kennara.³⁴

Dóra vinnur eftir ítarlegri kennsluskra sem hún betrubætir eftir hvert námskeið. Kennslan hennar er öðruvísi og skipulagðari en hún hefur vanist í New York en hún lítur á Improv Ísland í dag bæði sem skóla og samfélag.

Mér finnst þetta komið á svipaðan stað og UCB. Þeir sem hafa komið á námskeið upplifa sig sem part af samfélagi þar sem er svo margt í boði. Þetta er í rauninni bara frábært tengslanet fyrir hæfileikaríkt og sniðugt fólk. Við höfum öll sama tungumál ef við viljum vinna eitthvað eða gera eitthvað.³⁵

Henni er annt um að samfélagið sé kærleiksríkt þar sem fólk vill manni vel og kemur til þess að hafa gaman og að þetta fari ekki út í samkeppni. Hún vill að þetta sé fagmannlega gert, en vill jafnframt forðast að líta á spuna sem atvinnu, enda sé fyrir öllu að andrúmsloftið sé afslappað og skemmtilegt.

³⁴ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

³⁵ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

IMPROV ÍSLAND Í DAG OG HLUTVERK Í FRAMTÍÐINNI

Sýningahópur Improv Ísland samanstendur af þeim sem hafa farið á flest námskeið og/eða eru komin lengst og sýna nú vikulega sýningar í Þjóðleikhúskjallaranum. Það er allur gangur á því hversu miklum og hröðum árangri fólk nær og fer það meðal annars eftir hve mikinn tíma það hefur til að æfa sig. Hópurinn er þó ekki fastur í núverandi mynd og miðað er að því að sífelld endurnýjun eigi sér stað í sýningarhópnum. Markmiðið er að þeir sem komnir eru hvað lengst og orðnir öruggir í eigin skinni séu að sýna.

„Í hópnum er fastur kjarni sem hefur haldist þarna lengi, það var og er mjög hjálplegt [...]. Ég hef kennt þeim frá grunni þannig ég hef náð að fara yfir öll atriðin og veit að allir vita allt sem þeir eiga að vita. Flestir sem eru í sýningarhópnum núna hafa komið á mörg námskeið, aftur og aftur, og það hefur valist ótrúlega gott fólk í þetta“³⁶

Þegar hópurinn var nánast nýstofnaður bauðst þeim að taka þátt í *Del Close*-spunama-
raþoninu í New York og koma fram á hátíðinni. Dóra ákvað að slá til en hafði hugsað
sér að skipa í valinn hóp. Það kom á daginn að allir vildu fá að vera með og það fór
svo að tæplega tuttugu manna hópur flaug til New York til að sýna meðal þekktustu
grínista heims. Improv Ísland var yngsti hópurinn sem sýndi á hátíðinni en þau fjár-
mögnuðu og skipulögðu ferðina á eigin spýtur.

Um þetta leyti var Dóru farið að færast of mikið í fang og vinnan við að halda ein utan
um Improv Ísland var orðin of mikil. Í kjölfarið stigu nokkrir sjálfboðaliðar fram og
buðust til að mynda stjórn. Dóra er afar þakklát fyrir stjórnina og segir að án hennar
væri hún ekkert. Bjarni, sem situr í stjórninni, segir að allir sem hana sitja séu þarna af
sjálfsdáðum: Hann bætir því við að þrátt fyrir að starfið sé ekki borgað sé þetta ein
árangursríkasta stjórn sem hann hafi nokkur tíman setið í, enda rekin áfram af ástríðu
og metnaði fyrir spunasamfélaginu.

Dóra vonast til þess að í framtíðini verði spunasenan á Íslandi á heimsmeikvarða
hvað snertir gæði og fagmennsku og fullyrðir að leiðin geti ekki legið annað en upp á

³⁶ Dóra Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 7. febrúar 2016

við í þeim efnum - allir sem séu góðir núna verði helmingi betri eftir ár ef þeir haldi áfram. Hún ber miklar vonir til þess að námskeiðin muni skila sér í skrif fyrir sjónvarp, svið og bíómyndir.

LOKAORÐ

Þó nær ómögulegt sé að rannsaka jákvæð áhrif spuna á fólk með vísindalegum eða mælanlegum hætti er hægt að fullyrða að langflestir geti haft ávinning af iðkun hans, enda kostirnir margvíslegir og teygja sig í alla kima daglegs lífs.

Sýningarhópur Improv Ísland samanstendur af leikurum í bland við fólk sem áður hafði litla eða enga reynslu af sviðsframkomu. Hópurinn hefur tekið undraverðum framförum og árangur þeirra verður að teljast mikið afrek. Spunasamfélagið er nú þegar orðið sneisafullt af hæfileikafólki á öllum aldri þrátt fyrir að hafa bara verið til í örstuttan tíma. Sú staðreynd undirstrikar að skortur á námsleiðum og tækifærum fyrir ákveðna tegund af performer hefur verið staðar í íslensku samfélagi í of langan tíma. Á sama tíma hefur verið skortur á endurmenntunarleiðum fyrir leikhúsfolk og fátt lítið staðið til boða, að minnsta kosti hér á landi.

Mun fleira áhugafólk sækir námskeiðin í dag en í upphafi. Í dag eru leikarar í minnihluta þeirra sem skrá sig á námskeið og eftirspurnin er mikil. Hér er því kominn nýr farvegur, tækifæri og vettvangur fyrir áhugasamt fólk að leika á sviði og sýna hvað í þeim býr þrátt fyrir skort á menntun og reynslu af leiklistarsviðinu. Það vilja margir njóta þess að skapa og leika án þess að hafa hug á því að leika bróður Míðasar í grískum harmleik. Spunaleikhús er kærkomið námsframboð sem margir leikarar hafa nýtt sér til endurmenntunar og notið góðs af.

Dóra telur að margir grínpenningar á Íslandi gætu skilað af sér betri vinnu og það sé ekki margt sem þeir þyrftu að læra til þess að svo gæti orðið. „Það þarf ekki að vera endalaust í spuna, bara kunna tungumálið og reglurnar“. Hún undirbýr nú námskeið í sketsaskrifum sem verður hluti af kennsluskra Improv Ísland.

Með tilkomu þessa nýju menntunarmöguleika er framtíðin björt í íslensku gríni. Nú er aðeins hægt að vona að fagið muni öðlast þá virðingu sem það á

skilið með tíð og tíma og að Improv Ísland muni ala af sér grínfrömuði næstu kynslóða. Líklega er ekki langt þar til við sjáum birtingarmyndir áhrifa þeirra í umbótum á sjónvarpsefni og handritaskrifum almennt. Skapandi umhverfi þar sem höfundar framtíðarinnar geta þjálfað getu sína og gengið í lið með svipað þenkjandi fólki er kærkomin viðbót við íslenskt leikhúslíf.

HEIMILDASKRÁ

Adam Blatner, „Chapter 27: TheatreSports and Competitive Dramatic Impovisation.“ TheatreSports History. 6. júní 2008.

Sótt 26. febrúar 2016 á <http://www.interactiveimprov.com/tspwb1hist.html>

Adolf Smári Unnarsson, spunaleikari og frístundaleiðbeinandi, (f.1993)(2016). Improv Ísland.

Viðtal tekið á Kaffihúsi Vesturbæjar á Melhaga 11. febrúar.

Ayun Halliday, „The Do’s and Don’ts of Improv Comedy with Liam Neeson, Ricky Gervais, Tina Fey, and Del Close.“ Open Culture. 29. júní 2013. Sótt 27. febrúar á http://www.openculture.com/2013/06/the_dos_and_donts_of_improv_comedy_.html.

Bjarni Snæbjörnsson, leikari og leiklistarkennari (f.1978)(2016). Improv Ísland. Viðtal tekið á Kaffitár í Bankastræti 10. febrúar.

David Young, „The curriculum is Me: Reflections on Living and Teaching Dramatically“, University of British Columbia (1998). Sótt 25. febrúar á <http://www.interactiveimprov.com/tspwb1hist.html>

Dóra Jóhannsdóttir, leikkona og forsprakki Improv Ísland (f. 1980),(2016). Improv Ísland. Viðtal tekið á Kaffitár í Bankastræti 7. febrúar.

Earl Vickers, „Yes, and’: Acceptance, Resistance, and Change in Improv, Aikido, and Psychotherapy.“ Figshare, 2015, sótt 27. febrúar á doi:10.6084/M9.FIGSHARE.1506712.V1.

Jesse McKinley, „Masters of Improv Are Stumped; Losing a Permanent Theater Is No Joke for a Comedy Troupe.“ The New York Times. 2003. Sótt 26. febrúar á <http://www.nytimes.com/2003/01/27/arts/masters-improv-are-stumped-losing-permanent-theater-no-joke-for-comedy-troupe.html?pagewanted=1>.

Ólafur Stefánsson, handboltaþjálfari, (f.1973)(2016). Improv Ísland. Viðtal tekið á Kaffihúsi Vesturbæjar á Melhaga 11. febrúar.

Þjóðleikhúsið, „Um spuna“, sótt 26. febrúar 2016 á <http://www.leikhusid.is/bak-vid-tjoldin/thjodleikur/leiklistaraefingar/um-spuna>.